

Skýrsla mannvirkjanefndar 2018

Mannvirkjanefnd barst eitt erindi á árinu, og var það þingskjal 33 frá landsþingi 2016. Það fjallaði m.a. um hvaða kröfur keppnissvæði þarf að uppfylla.

Tillagan í þingskjalinu hljóðaði svona:

„60. Landsþing Landssambands Hestamannafélaga, haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016, samþykkir að fela stjórn LH að gefa út hva þarf til þess að keppnissvæði uppfylli kröfur um mótahald á vegum Landsambands hestamannafélaga.“

Meirihluti mannvirkjanefndar var sammála um að ekki væri hægt að gefa út svo vel væri, staðlaðar reglur hvað þetta varðar enda eru þessi mál í sífelldri þróun og e.t.v ekki á hendi mannvirkjanefndar að taka afstöðu til þeirra krafna sem gera skuli né stöðlun gerðar þ.m.t efnisvali valla. Til eru leiðbeiningar um velli almennt hjá LH og FEIF.

Nú þegar vellir og mannvirki eru á ábyrgð mótshaldara Landsmótanna, sem jafnframt eru rekstaraðilar en ekki Landsmót ehf., er það mat nefndarinnar að LH beri að stefna að því að nefndin verði lögð niður sem fastanefnd og frekar verði skipað í nefnd um sérstök verkefni ef þurfa þykir.

Marteinn Magnússon
formaður mannvirkjanefndar LH